

þegnlegast bóнарbrjef, þar sem N. N. fer þess á leit að mega eiga stúlkuna A. A.; en með konungsbrjefi frá 17. febrúar f. á. var hann skilinn við konu þá, er hann þá átti, 15. júlí. og honum veitt leyfi til að ganga í nýtt hjónaband, þó ekki með nefndri stúlkunni, er hann hafði orðið hórsekur með.

Af þessu tilefni er yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það sjáist af skýringum þeim, er fylgdu bóнарbrjefi N. N. um hjónaskilnað, að fyrverandi kona hans hafi 1879 án nægilegrar ástæðu farið frá honum og neitað því að koma aptur, og að hún hafi 1875 án samþykkis hans farið úr landinu, og getur því ráðgjafinn ekki betur sjeð, en að N. N., þegar hann 1877 varð hórsekur, hafi haft löglega ástæðu til að heimta skilnað. Hin 17. gr. auglýsingar frá 22. febrúar 1875 sbr. við konungsúrskurð 25. maí 1844 virðist því að innihalda heimild fyrir yður til þess að gefa út hið nauðsynlega leyfisbrjef «ad mandatum».

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun fyrir þýðingar á dönsku. — Í þóknanlegu brjefi frá 15. janúar þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt fyrir ráðgjafann til úrlausnar fyrirspurn frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu um, eptir hvaða reglum beri að borga þýðingar af íslenzku á dönsku á skjölum, sem óskað er, að hann gefi út sem notarius publicus eða yfirvald, sem og, hvort borgunin eigi að tilfalla valdsmanni, eða hvort hana skuli álíta sem aukatekjur, er renni í landssjóð samkvæmt lögum 14. desember 1877. 1. gr.

Með þessari fyrirspurn er að líkindum ekki haft tillit til þeirra útleggunga, sem valdsmenn eiga eptir hinum gildandi reglum samkvæmt brjefi innanríkisstjórnarinnar frá 14. júlí 1854 að láta fylgja íslenzkum skjölum þeim, sem ætlað er til, að verði send ráðgjafanum, og ekki heldur til útleggunga á rjettargjörðum, sem nota skal í hæstarjetti, þegar málum er skotið þangað af hendi hins opinbera, og má í því tilliti, eins og þjer í nefndu brjefi yðar takið fram, álíta þær ákvarðanir, sem nú standa, fullnægjandi. Spurningin verður þar á móti að eiga við útleggunga á rjettarskjölum, þar á meðal strandreikningum og skjölum og prófseptirritum snertandi skipströnd, og við þýðingar á rjettargjörðum í einkamálum, þegar einstakir menn beiðast þeirra.

Ráðgjafinn er yður samdóma um það, að í slíkum málum megi sitja við það, sem ákveðið er í 54. grein aukatekjureglugjörðarinnar 10. sept. 1830 um aðgang einstakra manna til gegn gjaldi, er rennur í landssjóð, að fá vottorð notarii publici um, að þýðingar rjettarskjala sjeu rjettar, og við reglur þær, er gilda um staðfestingu yfir-dómsins á þýðingum rjettargjörða í einkamálum.

Með tilliti til þess, að valdsmönnum er ekki skylt eptir hinum gildandi lögum að semja útleggunga, er einstakir menn beiðast, hafið þjer í fyrnefndu brjefi yðar hreift því, hvort ekki væri ástæða til að gjöra þá breytingu, að það sje gjört valdsmanni að skyldu að framkvæma slíkt starf, ef hann er beðinn um það, og að ákveðið sje, hve há borgunin megi vera, t. d. 1 eða 2 kr. hæst fyrir örkina.

En það er nú hvorttveggja, að skuldbinding til að annast útleggunga, er einstakir menn beiðast, virðast liggja fyrir utan hin eðlilegu takmörk embættisstarfa valds-manna, enda hlýtur ráðgjafinn að vera á þeirri skoðun, að ekki sje ástæða til að leitast við að fá lagaheimild þá, sem líklega myndi nauðsynleg, til að lögleiða ákvörðun þess efnis, sem þjer, herra landshöfðingi, farið fram á. Það getur varla orðið örðugt að fá íslenzku lagða út á dönsku, og þar að auki er hætt við, að ákvörðun um, hvað mest

76 megi taka, einkum ef það yrði eins mikið og þjer hafið bent á, myndi leiða til þess 20. júlí. að hækka borgunina fyrir allar þær útleggingar, sem hjer er að ræða um. Jeg verð því að álíta það rjettast, að sitja við reglur þær, sem nú eru í gildi, og er samkvæmt þeim borgun sú, sem ber embættismanni þeim, er af fúsum vilja tekst slíkan starfa á hendur, komin undir samkomulagi við hann.

Jafnframt því til þóknanlegrar leiðbeiningar þjónustusamlega að tjá yður hið framanskráða, vil jeg mælast til, að þjer annist um, að sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fái svar upp á fyrirspurn sína samkvæmt þessu.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 9. dag júnímánaðar þóknadist hans hátign konunginum, að veita amtmanni yfir norður- og austurumdæmi Íslands C.hr. Christjánssyni R. D. lausn frá embætti með eptirlaunum.

S. d. var assistent í hinu íslenzka stjórnarráði kandiðat Júlíus Havsteen settur amtmaður yfir norður- og austurumdæminu frá 1. júlí þ. á.

Hinn 12. júlí var prestinum að Eyri í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi síra Árna Böðvarssyni veitt lausn frá embætti með eptirlaunum.

Hinn 19. dag júlímán. þóknadist hans hátign konunginum, að veita landlækninum á Íslandi og forstjóra læknaskólans í Reykjavík justisráði dr. med. Jóni Hjaltalín R. D. og dbrsm. lausn frá embætti með eptirlaunum, og allramildilegast að kveðja hann til að vera etatsráð með tign í 3. flokki Nr. 9 í tignatilskipuninni.

Hinn 20. júlí var Sigurður kandiðat Ólafsson settur til frá 1. ágúst þessa árs að gegna sýslumannsembættinu í Skaptafellssýslu.

Hinn 23. júlí var presturinn að Svalbarði síra Guttormur Vigfússon skipaður prestur að Fjallabingum í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.

Hinn 27. júlí var presturinn að Álptamýri síra Arngrímur Bjarnason skipaður prestur að Brjámslæk í Barðastrandarprófastsdæmi.

Hinn 4. ágúst var stúdent Ásmundur Sveinsson settur til frá 1. septbr. að gegna sýslumannsembættinu í Dalasýslu.

ÓVEITT EMBÆTTI.

a. sem ráðgjafinn hlutast til um veitingu á:

Sýslumannsembættið í Dalasýslu í vesturumdæmi Íslands. Árslau 2500 kr.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsúrskurðum frá 8. apríl 1844, 27. marz 1857 og 8. febrúar 1863 að senda með bænarskrám sínum tilhlýðileg vottorð um kunnáttu sína í íslenzkri tungu.

Auglýst 15. júlí 1881, bónarbrjefin eiga að vera komin 19. septbr. 1881.

Embættið, sem landlæknir á Íslandi og forstjóri læknaskólans í Reykjavík. Árslau 4800 kr

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsúrskurðum frá 8. apríl 1844, 27. marz 1857 og 8. febrúar 1863 að senda með bænarskrám sínum tilhlýðileg vottorð um kunnáttu sína í íslenzkri tungu.

Auglýst 22. júlí 1881, bónarbrjefin eiga að vera komin 19. septbr. 1881.

b. sem landshöfðingi veitir.

Svalbarðsprestakall í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, metið 962 kr. 47 a., auglýst 27. júlí

Hofsprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi, metið 694 kr. 39 a., tillag úr landssjóði 300 kr., auglýst 1. ágúst.

Eyrarprestakall við Skutulsfjörð í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, metið 1066 kr. 41 a., auglýst 27. júlí.